

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 51.250.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 30.750 krónur að lágmarki og 307.500 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.125.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2004.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Stefán Eiríksson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Brekkuás 11.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Brekkuás 11 í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 4. desember 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008, Brautarholt, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin felst í að opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarbyggð og aðkoma, lega lóða og bílastæði við skóla breytast.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna ehf.

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf., hér eftir nefndar SKV í gjaldskrá þessari, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir SKV.

2. gr.

SKV láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.